



SÍMENNTUNARMIÐSTÖÐIN
Á VESTURLANDI

ársskýrsla

2020



EFNISYFIRLIT

Pistill formanns stjórnar	4
Stjórn Símenntunarmiðstöðvarinnar	6
Starfsfólk	7
Verktakar	7
Starfsstöðvar	7
Starfsemi Símenntunarmiðstöðvarinnar í tölum	10
Rekstur	
Tölfræðiupplýsingar úr starfi Símenntunarmiðstöðvarinnar	
Formlegir samstarfsaðilar	18
Mennta- og menningarmálaráðuneytið	
Fræðslumiðstöð atvinnulífsins – Fræðslusjóður	
Fræðslumiðstöð atvinnulífsins	
Fræðslusjóður	
Nýsköpunar- og þróunarverkefni á vegum Fræðslusjóðs	
Náms- og starfsráðgjöf	24
Náms- og starfsráðgjöf – tölfræði	
Raunfærnimat	27
Vottaðar námsleiðir	31
Fjölmennt	34
Þjónusta við fjarnema	42
Yfirlit yfir fjarpróf	36
Samstarfsverkefni	37
Innlend	
Erlend	
Samtök í fullorðinsfræðslu	43
Úr ýmsum áttum	44
Að lokum	50

PISTILL FORMANNS STJÓRNAR

Föstudagskvöldið 13. mars 2020 sat ég í brottfararsalnum á terminal 3 á Kaupmannahafnarflugvelli. Við hlið númer C39 beið ég, svolítið upp á von og óvon, eftir því að flugvél frá Icelandair myndi lenda.

Ég hafði mætt mjög tímanlega á flugvöllinn eftir lestarferð frá Jótlandi. Þetta var langt því frá mín fyrsta viðkoma á Kastrup, en það sem var einstakt við þetta föstudagskvöld var að flugstöðin var nánast tóm, örfáir ferðalangar á vappi og hver búðin á eftir annarri að loka. Það var einmitt þetta sama kvöld sem forsætisráðherra Dana, Mette Frederiksen, sendi frá sér skipun að landamærum Danmerkur yrði skellt í lás á miðnætti. Ofan á allt voru landamæri Íslands líka að lokast. Það var því sérstök tilfinning að sitja um borð í Icelandair vélinni Helgafell seint á föstudagskvöldi á leiðinni norður yfir Atlandshafið, vitandi það að hvert Evrópulandið á eftir öðru var að lokast og óvissan nokkur. Andstæðar tilfinningar voru áberandi, allt frá því að vera ótti um framhaldið, það óþekkta og yfir í léttinn við að komast heim áður en allt myndi lokast.

Þegar ég lít til baka og horfi á síðustu tólf mánuði í lífi mínu, þá er líklega ágætt að ég hafi ekki vitað það fyrir ári síðan að framundan væri margra mánaða tímabil með ýmiskonar takmörkunum. Þarna um borð í Helgafelli, í einfeldni minni, horfði ég bara á næstu fjórar til sex vikurnar,

ég var full viss um að þetta yrði stutt tímabil og áður en við vissum væri allt komið í fyrra horf, við þyrftum bara að halda þetta út í smá stund. Í huganum endurskipulagði ég vinnuna, ég færði til verkefni, hugsaði upp vinnuaðstöðu fyrir mig og krakkana heima í stofu og krassaði upp langan innkaupalista yfir helstu matvæli og nauðsynjar sem yrði að versla og gætu dugað

út mánuðinn. Fyrstu vikurnar gengu út á að halda sjó, með hálffull lungun af vatni gerði ég mitt besta til að sinna vinnu, námi og heimili á milli þess sem ég skipti mér jafnt á milli þess að vera dönskukennari, stærðfræðikennari, tónfræðikennari, fótboltaþjálfari, tækni-stjóri og viðburðarstjóri í félagslíf unglínganna á heimilinu, svo nokkur dæmi séu tekin. Ég ætla ekkert að draga úr því að vormánuðir 2020 voru erfiðir, ekki bara hjá mér, hreint ekki, svona var þetta hjá okkur meira og minna öllum,

með mismunandi birtingarmyndum en við þraukuðum, því um tímabundið ástand var að ræða, eða það héldum við öll, ekki satt?

Það var síðan líklega síðla sumars 2020 sem ég og hugsanlega fleiri áttuðum okkur á því að þetta var hugsanlega ekki eins tímabundið ástand og við héldum í upphafi? Mótefnið er vissulega á leiðinni og við munum vonandi ná að útrýma blessaða vírusnum, en við erum ekki sama samfélagið í dag og þarna í mars fyrir ári síðan. Það er ekki bara ég og mitt heimilisfólk sem hefur þurft að takast á við afleiðingar veirunnar, við höfum öll staðið í þessu verkefni.



Við höfum fengið mis þung verkefni og því miður hafa sumir fengið mun þyngri verkefni en aðrir og við höfum farið á mis við ýmislegt. Einhvernvegin hefur okkur engu að síður tekist að aðlagast stöðunni, það er einmitt þessi aðlögunarhæfni mannsins sem gerir okkur að þeim manneskjum sem við erum. Við lærum upp á nýtt.

Kynslóðir fara og kynslóðir koma, lífið heldur áfram, með eða án veirunnar. Það er hinsvegar fegurðin við aðlögunarhæfni mannfólksins sem heldur tengingunni svo sterkri á milli kynslóða og á milli einstaklinga. Þegar við þurfum að takast á við breyttar aðstæður þá leitum við

lausna, við lærum. Það sem hefur verið svo áberandi á síðustu mánuðum er að við höfum leyft okkur að prófa okkur áfram, feta nýjar brautir, við höfum leyft okkur gera mistök, við höfum ögrað okkur sjálfum – við höfum aðlagast og við höfum lært inn á nýja heimsmynd með því að efla okkar eigin þolinmæði og auka okkar eigið jafnvægi.

Guðrún Lárusdóttir

Endurmenntunarstjóri Lbhí og
formaður stjórnar Símenntunarmiðstöðvarinnar
á Vesturlandi



STJÓRN SÍMENNTUNARMIÐSTÖÐVARINNAR

Samkvæmt skipulagsskrá skal skipa sex aðalmenn í stjórn og sex til vara. Skipun stjórnar er til tveggja ára og var ný stjórn kosin á aðalfundi 2020. Úr stjórn gengu báðir fulltrúar Fjölbrautaskóla Vesturlands, Ágústa Elín Ingbórsdóttir og Dröfn Viðarsdóttir. Einnig gekk Hulda Ingibjörg Rafnarsdóttir, fulltrúi Háskólans á Bifröst, úr stjórn. Fulltrúum sem gengu úr stjórn eru þökkuð vel unnin störf fyrir SMV og óskað velfarnaðar.

Ný stjórn kosin á aðalfundi 2020:

Stofnun/samtök	Aðalfulltrúi	Varafultrúi
Fjölbrautaskóli Vesturlands	Steinunn Inga Óttarsdóttir	Þorbjörg Ragnarsdóttir
Fyrirtæki/stofnanir	Rósa Guðmundsdóttir	Björn Bjarki Þorsteinsson
Háskólinn á Bifröst	Guðjón Ragnar Jónsson	Ragnheiður Ásta Birgisdóttir
Landbúnaðarháskóli Íslands	Guðrún Lárusdóttir	Guðríður Helgadóttir
Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi	Lilja Björg Ágústsdóttir	Signý Óskarsdóttir
Stéttarfélagin	Signý Jóhannesdóttir	Inga Birna Tryggvadóttir

Formaður stjórnar er Guðrún Lárusdóttir, fulltrúi Landbúnaðarháskóla Íslands.

Á árinu 2020 voru haldnir sex stjórnarfundir. Fjórir fundir voru haldnir í Teams fjarfundakerfinu og tveir staðfundir.

Aðalfundur Símenntunarmiðstöðvarinnar var haldinn 15. júní 2020, töluvert síðar á árinu en venja er til. Fundurinn var haldinn sameiginlega með stofnunum í stoðkerfinu á Vesturlandi, þ.e. Starfsendurhæfingu Vesturlands, Markaðsstofu Vesturlands, Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi og Sorpurðun Vesturlands. Með þessu fyrirkomulagi hefur skapast góður vettvangur til að kynna starfsemi Símenntunarmiðstöðvarinnar, m.a. fyrir sveitarstjórnarfólki á Vesturlandi.



Frá aðalfundi 15. júní 2020.

STARFSFÓLK

Hjá Símenntunarmiðstöðinni störfuðu samanlagt átta starfsmenn í fjórum stöðugildum 2020:

Eva Karen Þórðardóttir verkefnastjóri
Guðrún Vala Elísóttir náms- og starfsráðgjafi og verkefnastjóri
Hafðís Fjola Ásgeirsdóttir verkefnastjóri
Inga Dóra Halldórsdóttir framkvæmdastjóri
Magnús Smári Snorrason verkefnastjóri
Sigurgeir Viktorsson bókhald og tilfallandi verkefni
Sólveig Indriðadóttir náms- og starfsráðgjafi og verkefnastjóri
Sunna Rós Þorsteinsdóttir þrif og almenn störf

Eva Karen Þórðardóttir lét af störfum í febrúar og Hafðís Fjola Ásgeirsdóttir lét af störfum í ágúst. Þeim eru þökkun vel unnin störf fyrir Símenntunarmiðstöðina og óskað velfarnaðar í nýjum störfum.

Magnús Smári Snorrason var ráðinn sem verkefnastjóri og hóf störf 1. apríl.

Sólveig Indriðadóttir var ráðin sem náms- og starfsráðgjafi og verkefnastjóri og hóf störf 1. apríl. Magnús og Sólveig eru boðin velkomin til starfa.

VERKTAKAR

Auk fastráðinna starfsmanna störfuðu um 50 verktakar hjá Símenntunarmiðstöðinni á árinu við kennslu og önnur verkefni. Stór hluti af starfsemi Símenntunarmiðstöðvarinnar byggist á vinnu verktaka, þeir kenna á námskeiðum og í lengri námsleiðum og vinna sem matsaðilar í raunfærnimati sem og í verkefnastjórnun, þróunar- og samstarfsverkefnum.

STARFSSTÖÐVAR

Símenntunarmiðstöðin rekur tvær starfsstöðvar á Vesturlandi - á Akranesi og í Borgarnesi.

Húsnæði	Staður	Heimili	Leigusali
Skrifstofur og kennslustofur	Borgarnes	Bjarnarbraut 8	Ríkiseignir
Skrifstofur og kennslustofur	Akranes	Suðurgata 57	Akraneskaupstaður
Skrifstofur	Akranes	Bárugata 10-12	Brim

Símenntunarmiðstöð Vesturlands er með starfsleyfi frá Heilbrigðiseftirliti Vesturlands fyrir starfsstöðvarnar á Suðurgötu á Akranesi og í Borgarnesi.

Um miðjan október var skrifstofa Símenntunarmiðstöðvar Vesturlands á Akranesi flutt frá Suðurgötu 57 í gamla HB-húsið við Bárugötu 8-10, sem er í eigu Brims. Skrifstofan er á þriðju hæð hússins sem hefur verið endurinnréttuð fyrir ýmsa starfsemi. Eftir sem áður er námsver Símenntunarmiðstöðvar Vesturlands fyrst um sinn áfram á Suðurgötu 57, en mun síðar einnig flytjast í Bárugötu 8-10. Stefnt er að flutningi námsversins á 2. hæð hússins um mitt ár 2021.



Inga Dóra Halldórsdóttir framkvæmdastjóri Símenntunarmiðstöðvarinnar, Steinunn Inga Öttarsdóttir, skólameistari FVA og fulltrúi í stjórn SMV og Valdis Fjölisdóttir framkvæmdastjóri Próunarfélagsins Breiðar skrifa undir leigusamning.

Próunarfélagið Breið var stofnað á Akranesi í byrjun júlí 2020, þegar fulltrúar sautján fyrirtækja og stofnana skrifuðu undir samkomulag þar að lútandi. Í þetta verkefni var ráðist að forgöngu Akraneskaupstaðar og Brims, sem höfðu frá haustinu 2019 unnið að undirbúningi að stofnun próunarfélags um nýsköpun og atvinnuuppbyggingu.



Húsnæði SMV á Breiðinni á Akranesi.

SIGURÐUR VIGFÚS SIGURÐSSON

Fékk meira út úr raunfærnimatinu en ég átti von á

Sigurður Vigfús Sigurðsson er starfsmaður Símans í Reykjavík. Vorið 2020 fór hann í raunfærnimat hjá Símenntunarmiðstöð Vesturlands fyrir verslunarfulltrúa, eins og nokkrir samstarfsmenn hans hjá Símanum. Sigurður segir það hafa komið sér þægilega á óvart hversu miklu raunfærnimatið hafi skilað.

„Ég hef starfað við tæknilega aðstoð hjá Símanum í tæp þrjú ár en áður hafði ég m.a. starfað hjá Pennanum Eymundsson og verið þar í ýmsum störfum. Á síðasta ári hafði Eva Karen Þórðardóttir, fræðslustjóri Símans, frumkvæði að því að nokkrir starfsmenn Símans, þar á meðal ég, fóru í raunfærnimat fyrir verslunarfulltrúa hjá Símenntunarmiðstöð Vesturlands. Ég hafði enga vitneskju um hvað fælist í slíku mati en fannst áhugavert að taka þátt. Ég lauk ekki framhaldsskólanámi á sínum tíma – þrátt fyrir tvær atlögur að því – en hef þó tekið einn og einn áfanga í fjarnámi og lokið drjúgum hluta kjarnagreina til stúdentsprófs. Þegar ég fékk kynningu á raunfærnimatinu sá ég mér leik á borði að freista þess að fá metið til eininga ýmislegt sem ég hef tekið mér fyrir hendur undanfarin ár og það kom mér skemmtilega á óvart hversu mikið ég fékk út úr matinu. Það er því ekki nokkur spurning að raunfærnimatið hefur hjálpað mér mikið og stytt leið mína að stúdentsprófi,“ segir Sigurður.


Í kjölfarið á raunfærnimatinu segist Sigurður




hafa innritað sig í námsáfanga í íslensku og stærðfræði á haustönn 2020 í Menntaskóla Borgarfjarðar og núna á vorönn sé hann þar í tveimur íslenskuáföngum. Að óbreyttu brautskráist hann sem stúdent í vor frá Menntaskóla Borgarfjarðar. „Ég viðurkenni alveg að fyrir nokkrum árum sá ég ekki fram á að ljúka stúdentsprófi á árinu 2021 en núna er þetta í auglýsingu og raunfærnimatið hefur skipt miklu máli, ég gerði aldrei ráð fyrir að fá svona margar einingar út úr því,“ segir Sigurður. Hann segist ekki hafa tekið endanlega ákvörðun um hvað hann geri í framhaldinu en stefnan sé á frekara nám, mögulega háskólanám í tölvunarfræði.

STARFSEMI SÍMENNTUNAR- MIÐSTÖÐVARINNAR Í TÖLUM


Rekstur




Þróun gjalda 2012 til 2020




Skipting tekjuliða 2020



Skipting tekjuliða 2019







Skipting tekjuliða 2018




Tölfræði

Árið 2020 var að mörgu leyti öðruvísi en síðustu ár og það má vel greina í tölfræðinni hjá okkur. Í ljósi aðstæðna og til að mæta eftirspurn þá var lögð mun meiri áhersla á raunfærnimat en minna framboð var af lengri námsleiðum en verið hefur síðustu ár. Að sama skapi má sjá að um helmingur nemendastunda er í fjarnámi sem er mikil breyting frá því verið hefur. Í heildina voru haldin 34 námskeið sem er um helmingi minna en árið áður. Þátttakendur voru líka mun færri og þ.a.l. voru kennslustundir og nemendastundir mun færri. Raunfærnimatið er hástökkvarinn í ár, en 96 einstaklingar fóru í gegnum raunfærnimat á árinu á móti 15 einstaklingum árið 2019.







Hlutfall þátttakenda eftir svæðum 2020





Hlutfall kennslustunda eftir svæðum 2020



Hlutfall nemendastunda eftir svæðum 2020



Árið 2020 voru mun meiri fleiri í fjarnámi en áður og kom það m.a. til af Covid. Við vorum með fjölbreytt námskeið í boði, tómstundanámskeið í samstarfi við Sóknaaráætlun Vesturlands og einnig kenndum við íslensku í fjarnámi og lengri námsleiðir. Í ljósi þessa er gaman að rýna í tölfræði og sjá hlutfall þátttakenda sem eru búsettir á Vesturlandi og hlutfall þeirra sem eru búsettir í öðrum landshlutum.





Mikil aukning var í raunfærnimati á milli árána 2019 og 2020. Það er fróðlegt að rýna í þróunina á raunfærnimati hjá Símenntunarmiðstöðinni. Þess má geta að við erum einnig í samstarfi við aðra fræðsluaðila í raunfærnimati s.s. IÐUNA fræðslusetur vegna iðngreina og Visku í Vestmannaeyjum vegna raunfærnimats í skiptstjórn. Nokkrir aðilar á Vesturlandi hafa farið í gegnum þetta raunfærni-

mat á síðustu árum, en náms- og starfsráðgjafi undirbýr viðkomandi fyrir raunfærnimatið en samstarfsaðilarnir sjá um framkvæmd raunfærnimatsins.

Á landsvísu hefur námsgreinum fjölgað sem eru til mats og einnig er farið að meta eftir viðmiðum atvinnulífsis.

Hér má sjá skiptingu þátttakenda í raunfærnimati eftir búsetu. Á árinu 2020 fór raunfærnimat að mestu leyti fram rafrænt, þ.e. bæði viðtöl hjá náms- og starfsráðgjafa og matsaðila.

Upplýsingar um raunfærnimat ná nálgast á vefnum www.naestaskref.is



FORMLEGIR SAMSTARFSADILAR

Símenntunarmiðstöðin er með þjónustusamninga við mennta- og menningarmálaráðuneytið, Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og Fjölmennt - símenntunar- og þekkingarmiðstöð.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið

Símenntunarmiðstöðin er með þjónustusamning við mennta- og menningarmálaráðuneytið um ráðstöfun rekstrarframlags á fjárlögum. Samningurinn gildir frá 1. janúar 2015 til 31. desember 2018. Viðaukasamningur var gerður fyrir árin 2019 og 2020.

Gert er ráð fyrir að nýr samningur byggi á reiknilíkani sem notað er við úthlutun fjár til símenntunarmiðstöðvanna fyrir árið 2020, en tekið var mið af því við úthlutun svokallaðs „viðbótarframlags“ sem símenntunarmiðstöðvarnar fengu rétt fyrir júl 2020.

Af hálfu mennta- og menningarmálaráðuneytisins hefur dregist á langinn að gera þjónustusamning og úthluta fjármunum samkvæmt reiknilíkani.

Á síðasta aðalfundi Símenntunarmiðstöðvarinnar var svohljóðandi ályktun samþykkt og send til bæði mennta- og menningarmálaráðuneytisins og félagamálaráðuneytisins:

„Aðalfundur Símenntunarmiðstöðvarinnar á Vesturlandi (SMV), haldinn að Hótel Hamri í Borgarbyggð 15. júní 2020, tekur undir áhyggjur stjórnar SMV af fyrirkomulagi úthlutunar fjármuna til símenntunarmiðstöðva, bæði hvað varðar úthlutun á fjárlögum og eins frá Fjölmennt.

Aðalfundurinn skorar á ráðherra bæði mennta- og félagsmála að leiðrétta ójafna stöðu símenntunarmiðstöðvanna og tryggja að gætt sé jafnræðis og unnið faglega að úthlutun til þeirra, út frá skilgreindum forsendum.

Einnig er vakin athygli á því að síðustu ár hafa fjárframlög til íslenskukennslu fyrir útlendinga hvorki hækkað í takt við verðlagsþróun né í samræmi við fjölgun innflytjenda. Brýnt er að tryggja fjármagn í málaflokkinn.“

SVEINN FANNAR DANÍELSSON

Raunfærnimatið kom mér af stað

Sveinn Fannar Daníelsson fór í raunfærnimat fyrir verslunarfulltrúa hjá Símenntunarmiðstöð Vesturlands vorið 2020. Sveinn býr í Reykjavík og hefur starfað í þjónustuveri Símans þar undanfarin þrjú ár. Eva Karen Þórðardóttir, fræðslustjóri Símans, kynnti raunfærnimatið fyrir starfsmönnum Símans og úr varð að nokkrir þeirra, þar á meðal Sveinn Fannar, ákváðu að láta reyna á raunfærnimatið.

„Eftir grunnskóla fór ég að læra matreiðslu og lauk tilskildum tíma á starfssamningi en átti í raun bara eftir eina önn í skóla til þess að mega fara í sveinspróf. Aðstæður mínar breyttust og í stað þess að ljúka matreiðslunáminu ákvað ég að horfa í aðra átt á vinnumarkaði,“ segir Sveinn Fannar.

Málin tóku nýja stefnu eftir að Eva Karen kynnti raunfærnimatið fyrir starfsmönnum Símans. Sveinn segist ekki hafa þekkt áður til raunfærnimats og því ekki vitað fyrir hvað það stæði. „Fræðslustjórinn hjá Símanum kynnti þetta ítarlega fyrir okkur og ég áttaði mig á því að þetta gæti nýst mér mjög vel. Ég ákvað því að slá til og sé ekki eftir því, það var mjög gott að fara í gegnum raunfærnimatið til að greina mína stöðu. Þegar þetta kom til hafði ég velt vöngum yfir því að fara í háskólanám og því var mér dýrmætt að fara í raunfærnimatið og fá metna til námseininga starfsreynslu mína og þá verklegu og bóklegu áfanga sem ég tók



í matreiðslunáminu. Það má alveg fullyrða að raunfærnimatið hafi komið mér af stað. Í framhaldinu tók ég sl. sumar fjóra áfanga í sumarskóla Versló. Í vetur hef ég verið við nám í Háskólagátt Háskólans á Bifröst, þar sem áherslan er á undirbúning fyrir háskólanám. Planið er að halda áfram á þessari braut næsta vetur og að óbreyttu get ég sótt um að hefja nám í háskóla haustið 2022. Eins og er hef ég áhuga á að mennta mig í viðskiptafræði með áherslu á markaðsmál en það verður bara að koma í ljós hvaða stefnu ég tek þegar ég hef lokið tilskildum einingum til þess að sækja um háskólanám,“ segir Sveinn Fannar Daníelsson.

Samkvæmt upplýsingum frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu er gert ráð fyrir að nýr þjónustusamningur verði tilbúinn um mitt ár 2021.

Vakin er athygli á því að í þeim samningi sem er í bígerð er ekki gert ráð fyrir að ríkið greiði símenntunarmiðstöðvunum fyrir að þjónusta fjarnemendur s.s. vegna prófa í heimabyggð. Hingað til hafa hvorki háskólarnir né nemendur þurft að greiða fyrir þá þjónustu sem nemendurnir hafa fengið hjá símenntunarmiðstöðvunum.

Símenntunarmiðstöðin fær rekstrarframlag á fjárlögum og er upphæðin háð ákvörðun Alþingis hverju sinni.

Verið er að vinna að því í mennta- og menningarmálaráðuneytinu að gera þjónustusamning við hluta símenntunarmiðstöðvanna um þjónustu við fjarnema, m.a. við Símenntunarmiðstöðina á Vesturlandi. Í sumum landshlutum halda háskólafélög og/eða háskólaþing utan um þessa þjónustu, s.s. Háskólafélag Suðurlands, Háskólaþing Vestfjarða, Þekkingarnet Þingeyinga og Austurbrú.



Fræðslumiðstöð atvinnulífsins – fræðslusjóður

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins er einkahlutafélag í eigu Alþýðusambands Íslands, Samtaka atvinnulífsins, BSRB, fjármála- og efnahagsráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Fræðslumiðstöðin er með þjónustusamning við mennta- og menningarmálaráðuneytið annars vegar og símenntunarmiðstöðvarnar hins vegar.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins annast umsýslu með Fræðslusjóði og fjárreiðum hans, sbr. 10 gr. laga nr. 27/2010 um framhaldsfræðslu.

Þann 14. desember 2015 var undirritaður samningur milli mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins um vinnu við verkefni á sviði framhaldsfræðslu sem gildir frá 1. janúar til ársloka 2021.

Þjónustusamninga við mennta- og menningarmálaráðuneytið og yfirlýsingar má nálgast á vef Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins www.frae.is.

Fræðslusjóður

Fræðslusjóður var settur á laggirnar við setningu framhaldsfræðslulaga, en hlutverk hans er m.a. að Fræðslusjóður var settur á laggirnar við setningu framhaldsfræðslulaga, en hlutverk hans er m.a. að stuðla að því að til séu viðeigandi námstækifæri fyrir einstaklinga með stutta formlega skólagöngu að baki, sem og að skapa skilyrði fyrir því að einstaklingar geti nýtt sér slík námstækifæri.

Fræðslusjóður ráðstafar þeim framlögum sem Alþingi ákveður í fjárlögum hverju sinni. Úthlutanir Fræðslusjóðs greinast í meginatriðum í þrennt samkvæmt úthlutunarreglum sem ráðherra staðfestir:

- a. framlög til fræðsluaðila til að mæta kostnaði við kennslu og námskeiðahald**
- b. framlög til að mæta kostnaði við raunfærnimat og náms- og starfsráðgjöf**
- c. styrkveitingar til nýsköpunar- og þróunarverkefna í framhaldsfræðslu.**

Símenntunarmiðstöðin sótti um fjármagn til sjóðsins í ýmsar vottaðar námsleiðir samkvæmt námskrám FA, í náms- og starfsráðgjöf og raunfærnimat.



Útskrift í námsleiðinni Íslensk menning og samfélag.



Nemendur í íslenskunámi.

Úthlutun Fræðslusjóðs til Símenntunarmiðstöðvarinnar 2020:

Umsóknir Símenntunar	Sótt um	Úthlutað	*Skipting fjármuna eftir breytingu
Vottaðar námsleiðir	29.640.000	25.390.000	12.702.000
Náms- og starfsráðgjöf	8.500.000	6.879.000	11.006.800
Raunfærnimat	7.371.000	6.634.000	14.536.000

*Vegna breyttra aðstæðna sem sköpuðust vegna Covid tók stjórn Fræðslusjóðs þá ákvörðun að heimila að færa fé af úthlutun 2020 á milli málaflokka, þ.e. vottaðra námsleiða, náms- og starfsráðgjafar og raunfærnimats. Hverjum aðila var heimilað að flytja allt að 50% af fjárveitingu sinni frá Fræðslusjóði til hvers málaflokks.

Við hjá Símenntunarmiðstöðinni nýttum okkur þetta, enda breyttust forsendur verkefna og ekki síður þurfti að breyta verklagi og færa nám og ráðgjöf í auknum mæli á Teams.

Við fundum líka fyrir aukinni spurn eftir annars vegar náms- og starfsráðgjöf og hins vegar raunfærnimati, sem var forsenda þess að við sóttum um að færa fjármagn milli málaflokka. Sundurliðun á nýtingu fjármagns frá Fræðslusjóði má sjá í aftasta dálknum í töflunni hér að ofan.

Auk þess voru unnin raunfærnimatsverkefni árið 2020, s.s. í fisktækni og almennri starfshæfni, sem fjármögnuð voru 2019. Fræðslusjóður gefur símenntunarmiðstöðvunum allt að 18 mánuði til að vinna raunfærnimatsverkefni.

Upplýsingar um úthlutanir Fræðslusjóðs til allra símenntunarmiðstöðva má nálgast hér:

<http://frae.is/fraedslusjodur/gogn/>

Upplýsingar um skilmála Fræðslusjóðs má nálgast hér:

<https://frae.is/wp-content/uploads/2017/11/Skilmalar-lokaskjal-2014.pdf>

RITA TALLÁROM

Verð að vera þolinmóð í íslenskunáminu

„Vinkona mín frá Ungverjalandi, sem var um tíma hér á landi, benti mér á þann möguleika að koma til Íslands og sækja um vinnu. Ég ákvað að slá til,“ segir Rita Tallárom, sem kom frá Ungverjalandi til Íslands í september 2018. Hún flutti í Borgarnes og fékk vinnu á Icelandair Hótel Hamri. Hún starfar þar ennþá en hefur auk vinnunnar mörg járn í eldinum. Hún hefur tekið íslenskunámskeið hjá Símenntunarmiðstöð Vesturlands og er einnig í BA-námi í ferðamálafræði við Háskólann á Hólum.

Rita dregur ekki dul á að það sé krefjandi að læra íslensku en hún geri sér grein fyrir að það taki drjúgan tíma að læra og þjálfast í tungumálinu og það ætli hún að gera. „Ég viðurkenni fúslega að mér gengur ekki vel, enn sem komið er, að skilja þegar Íslendingar tala sín á milli. En ég vona að þetta komi smám saman, ég verð að vera þolinmóð í nokkur ár,“ segir Rita og hlær.

Rita hefur brennandi áhuga á ferðapjónustu og hún segist hafa byrjað á námi í ferðamálafræðum í Ungverjalandi en ekki lokið því. Fyrir hvatningu og stuðning Guðrúnar Völu Elísdóttur náms- og starfsráðgjafa hjá Símenntunarmiðstöð Vesturlands hafi hún ákveðið að skrá sig í ferðamálafræði á Hólum og stefnan sé að ljúka BA-gráðu þar. „Ég er á fyrsta árinu í náminu á Hólum. Það er vissulega



krefjandi en þetta gengur ágætlega með góðri aðstoð kennara, samnemenda minna og fleiri. Ég er mjög þakklát fyrir þá hjálp sem ég fæ,“ segir Rita. „Sumt af námsefninu er á ensku en annað á íslensku. Ég fæ að skila verkefnum á ensku og nýti þýðingarforrit til þess að þýða námsefni úr íslensku. Þetta er vissulega mikil vinna en er vel þess virði. Vegna Covid hefur kennslan verið á netinu en undir lok mars er stefnt að námslotu á Hólum,“ segir Rita.

Rita kynntist eiginmanni sínum, sem einnig er Ungverji, á Hótel Hamri. Hún segir þau ekki hafa í hyggju að snúa til Ungverjalands í bráð, þau sjái framtíð sína hér á landi.

NÁMS- OG STARFSRÁÐGGJÖF

Náms- og starfsráðgjöf fyrir fullorðna hefur verið í boði frá árinu 2006 og umfang hennar hefur aukist jafnt og þétt. Náms- og starfsráðgjöf er hlutlaus ráðgjöf og ætluð fullorðnu fólki sem tilheyrir markhópi skv. lagalegri skilgreiningu í framhaldsfræðslulögum nr. 27/2010. Til þess að ná til fólks þarf að kynna ráðgjöfina þannig að sem flestir skilji hvað er í boði og sjái sér hag í því að koma í viðtal.


Markmiðið með náms- og starfsráðgjöf er að veita upplýsingar um nám og störf, meta námsþarfir einstaklinga, halda utan um og veita stuðning í raunfærnimati, aðstoða og ráðleggja við ferilskrá og starfsleit auk persónulegar handleiðslu, eftirfylgni o.fl. Enn fremur felur starfið í sér að halda utan um skráningar viðtala og niðurstöður raunfærnimats.

Ráðgjöfin fer oftast fram í starfsstöðvum Símenntunarmiðstöðvarinnar og er lögð áhersla á að ráðþegar fái þjónustu í sinni heimabyggð. Ráðgjöf getur einnig verið í fyrirtækjum og þá í samstarfi við viðkomandi fyrirtæki. Nemendum sem sækja lengri námskeið og námsleiðir hjá SMV bjóðast viðtöl við náms- og starfsráðgjafa. Rafræn ráðgjöf á fjárfundi eða í síma er einnig í boði og hefur hún aukist jafnt og þétt. Á árinu 2020 fór meirihluti ráðgjafarviðtala fram í gegnum fjárfundi á Teams.

Samstarf við fyrirtæki og stofnanir er jákvætt og mikilvægt að atvinnurekendur sjái sér hag í því að vera í samstarfi við Símenntunarmiðstöðina. Aðrir samstarfsaðilar á Vesturlandi eru Vinnumálastofnun, VIRK, stéttarfélög, Starfsendurhæfing, deildir Rauða krossins, endurmenntunardeildir háskólanna og framhaldsskólarnir.

Kjarninn í náms- og starfsráðgjöf eru ráðþegarnir, því án þeirra væri engin ráðgjöf. Leitast er við að mæta einstaklingum á þeirra forsendum og því mikilvægt að átta sig á fjölbreytileika þeirra, vera meðvitaður um menningarmun, ásamt því að hafa heildræna sýn yfir markmið, möguleika, tækifæri og árangur hvers og eins. Þrátt fyrir að ráðþegar tilheyri markhópi eru þeir almennt ólíkir einstaklingar og stundum er ráðgjöfin úrræði þegar þeir sjá fram á einhverjar breytingar í lífi sínu, eins og t.d. atvinnumissi eða heilsubrest. Hins vegar er ráðgjöfin ekki síður kostur til að staldra við, skoða eigin stöðu og velta fyrir sér náms- eða starfsþróun. Fjölmörg dæmi eru um að ráðgjöfin leiði af sér að fólk fer t.d. í raunfærnimat, í nám, lýkur námi, breytir til í starfi o.s.frv.

Margir innflytjendur tilheyra markhópnum og getur náms- og starfsráðgjöf verið þeim gagnleg við ýmislegt, s.s. atvinnuleit, upplýsingaöflun um störf og símenntun, mat á færni, reynslu og menntun og sem hvatning til starfsþróunar í nýju landi. SMV hefur verið leiðandi í að nálgast innflytjendur með náms- og starfsráðgjöf og síðustu ár hefur hlutfall þeirra af heildarfjölda ráðþega verið ríflega þriðjungur. Með innflytjendum er hugað að því að kortleggja fyrri menntun, reynslu og færni og kannað hvort þeir geti fengið starfsréttindi metin og yfirfærð frá sínu heimalandi. Þá fá þeir eftir atvikum aðstoð við gerð ferilskráa og umsóknir um störf.



Hægt er að panta viðtal hjá náms- og starfsráðgjafa í gegnum vef Símenntunar eða hringja og óska eftir viðtali.

Áhugasviðskönnun - Bendill

Áhugi er einn af mikilvægustu persónulegum þáttum, en auk starfsáhuga er vert að huga vel að því hvað við teljum mikilvægt í lífinu og á hvaða sviði færni okkar liggur.

Áhugakönnun segir okkur ekki hvað við eigum að gera heldur er hún hjálpartæki sem kemur skipulagi á starfsáhugann og hjálpar okkur að finna út hvaða nám og störf hæfa áhugasviði okkar.

Bendill er áhugakönnun sem tekur mið af íslenskum vinnumarkaði og námsframboði. Könnunin er á rafrænu formi og strax að lokinni fyrirlögn fær viðkomandi niðurstöðurnar í hendur og eru þær settar fram á myndrænan hátt. Náms- og starfsráðgjafi fer yfir og túlkar niðurstöðurnar með ráðgjafa.

Heildarfjöldi viðtala	2020
Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi	719

Kyn	2020
Kona	361
Karl	358
Alls	719

Menntunarstig	2020
Framhaldsskóli (hóf nám en lauk ekki)	537
Grunnskóli	112
Háskólapróf	12
Iðnmenntun	4
Starfsmenntun - minna en tvö ár	41
Starfsmenntun - tvö ár eða meira	10
Stúdentspróf	3
Alls	719

Aldursbil	2020
25 ára og yngri	65
26-35 ára	335
36-45 ára	213
46-55 ára	86
56 ára og eldri	20
Alls	719

Viðtalstegund	2020
Hópráðgjöf	114
Hvatningarviðtal	2
Ráðgjafaviðtal	603
Alls	719

Staða á vinnumarkaði	2020
Annað	7
Atvinnuleitandi	98
Hlutastarf og hlutabætur	7
Í námi	6
Í starfi	377
Starfsendurhæfing	223
Öryrki	1
Alls	719

Ástæða viðtals	2020
Að eigin frumkvæði	75
Boðun í viðtal vegna VMST	56
Eftir kynningu í fyrirtæki eða stofnun	109
Eftirfylgni vegna raunfærnimats	50
Færnimöppugerð	71
Færnimöppugerð v. raunfærnimats	65
Skimun í raunfærnimat	75
Stuðningur í matssamtali	216
Tilvísun frá VIRK endurhæfingasjóði	2
Alls	719

Þjóðerni	719
Ísland	571
Pólland	93
Aðrar þjóðir	55
Alls	719

RAUNFÆRNIMAT

Raunfærnimat er viðurkennt matsferli sem gerir fólki úr ýmsum greinum atvinnulífsins kleift að fá reynslu, færni og þekkingu sem það hefur öðlast í starfi metið til eininga innan sérsviðs. Raunfærnimatið getur stytt nám og auðveldað fólki að hefja nám í sinni grein og öðlast starfsréttindi að því loknu. Til að komast í raunfærnimat þarf viðkomandi að hafa náð 23 ára lífaldri og 3 ára starfsaldri í ákveðinni starfsgrein. Símenntunarmiðstöðvarnar fá 18 mánuði til að vinna hvert raunfærnimatsverkefni.

Raunfærnimat í verslunarfulltrúa

Raunfærnimat í verslunarfulltrúa fór fram á árinu 2020. Matið byggir á námskránni „Verslunarfulltrúinn“ sem er útgefin af FA og er ígildi 29 f-eininga. Í raunfærnimatinu má meta alls 26 f-einingar. Alls luku 46 manns þessu raunfærnimati, 17 konur og 29 karlar. Elsti þátttakandinn var 61 árs og sá yngsti 23 ára. Meðalaldurinn var 46 ár.

Matsaðili í verkefninu var Garðar Vilhjálmsson, kennari viðskiptagreina í MK.

Símenntunarmiðstöðin var m.a. í samstarfi við Símann, en 31 einstaklingur sem starfar hjá fyrirtækinu tók þátt í þessu verkefni. Tíu af þessum nemendum skráðu sig í framhaldinu í fjarnám við Menntaskóla Borgarfjarðar. Skemmst er frá því að segja að í það minnsta einn nemandi úr þessum hóp mun að óbreyttu útskrifast sem stúdent frá MB vorið 2021.

Raunfærnimat í búfræði

Á árunum 2018 og 2019 tók Símenntunarmiðstöðin þátt í að þróa raunfærnimat í búfræði í samvinnu við Landbúnaðarháskóla Íslands og Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Verkefnið tókst vel og er raunfærnimat í búfræði nú viðurkennt og fjármagnað af Fræðslusjóði fyrir þá sem hafa ekki lokið formlegri menntun.



Mikill áhugi er á raunfærnimati í búfræði og einnig er mikill áhugi á að geta haldið áfram í námi í beinu framhaldi af raunfærnimati og þá helst í fjarnámi.

Á árinu 2020 luku níu raunfærnimati í búfræði, þrjár konur og sex karlar. Elsti þátttakandinn var 42 ára og sá yngsti 23 ára. Meðalaldurinn var tæp 33 ár.

Símenntunarmiðstöð Vesturlands hefur umsjón með þessu raunfærnimati á landsvísu, en er í samvinnu við aðrar símenntunarmiðstöðvar.

Matsaðilar í verkefninu voru Ólöf Ósk Guðmundsdóttir, námsbrautarstjóri búfræðibrautar, og Eyjólfur Kristinn Örnólfsson, sérfræðingur og kennari hjá LBHÍ, en tveir matsaðilar bættust við á árinu, Haukur Þórðarson og Gunnar Örn Kárasen, báðir kennarar á framhaldsskólastigi.

Raunfærnimat í þjónustugreinum

Stuðningsfulltrúi, leikskólaliði og félagsliði eru svokallaðar þjónustugreinar. Þrír tóku þátt í raunfærnimati í félagsliða, tvær konur og einn karl. Í raunfærnimati í leikskólaliða tóku fjórir þátt, þrjár konur og einn karl. Í raunfærnimati í stuðningsfulltrúa tóku þrjár konur þátt.

Alls fóru því tíu í gegnum raunfærnimat í þjónustugreinum, átta konur og tveir karlar. Sá elsti var 57 ára og sá yngsti 30 ára. Meðalaldurinn var 37 ár.

Matsaðilar í þessu verkefni voru Ragnheiður Gunnbjörnsdóttir, Bryndís Arnardóttir og Marína Sigurgeirsdóttir.

Raunfærnimat í almennri starfshæfni

Í raunfærnimati í almennri starfshæfni er átt við þá persónulegu hæfni sem er mikilvæg á vinnu- markaði og er sameiginleg flestum störfum. Almenn starfshæfni er einnig sú hæfni (leikni, viðhorf, breytni) sem einstaklingur þarf að búa yfir eða tileinka sér til þess að taka virkan þátt í samfélaginu, vera á vinnumarkaði, þróast í starfi og geta tekist á við auknar kröfur í starfi.

Á árinu 2020 tók tuttugu og einn einstaklingur þátt í þessu verkefni, tólf konur og níu karlar. Elsti þátttakandinn var 48 ára en sá yngsti 23 ára. Meðalaldurinn var 35 ár.

Matsaðili í þessu verkefni var Steinunn Stefánsdóttir.

Raunfærnimat í fisktækni

Símenntunarmiðstöðin bauð upp á raunfærnimat í fisktækni í samvinnu við Fisktækniskóla Íslands í byrjun árs 2020.

Tilgangurinn er m.a. að fólk geti sýnt fram á reynslu og færni sína í starfi, lagt er mat á hvernig einstaklingurinn getur styrkt sig í námi og starfi og m.a. stytt sér nám í framhaldinu. Þess eru mörg dæmi að einstaklingar sem hafa farið í raunfærnimat í fisktækni hafa haldið áfram námi í Fisktækniskóla Íslands, m.a. í fisktækni, gæðastjórnun og Marel vinnslutækni. Í raunfærnimatinu var metið á móti fisktæknibraut.

Alls luku tíu einstaklingar raunfærnimati í fisktækni, allt konur sem starfa í fiskvinnslu á Snæfellsnesi. Sú elsta í verkefninu var 57 ára en sú yngsta 29 ára. Meðalaldurinn var 38 ár.

Að meðaltali voru metnar rétt rúmlega 80 einingar á einstakling í verkefninu, en fisktæknibrautin er alls 120 einingar.

Matsaðili var Ásdís Pálsdóttir.

Raunfærnimat í samstarfi við aðrar miðstöðvar

Símenntunarmiðstöðin er í samstarfi við IÐUNA fræðslusetur um raunfærnimat í iðngreinum og við Visku í Vestmannaeyjum um raunfærnimat í skipstjórn.

Námskeið um framkvæmd raunfærnimats

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins heldur námskeið um raunfærnimat fyrir fagaðila, náms- og starfsráðgjafa og verkefnastjóra og aðra sem koma að raunfærnimatsverkefnum. Slík námskeið eru haldin að meðaltali tvisvar á ári og fer allt starfsfólk Símenntunarmiðstöðvarinnar á þau.

Síðustu hóparnir útskrifuðust vorið 2019, einn í grunn-námi og einn í framhaldsnámi.

Stóriðjuskólinn er samstarf Norðuráls, Símenntunarmið-stöðvarinnar og Fjölbrautaskóla Vesturlands og þetta samstarf hefur gefist mjög vel.

Samantekt á raunfærnimati 2020:

Heiti raunfærnimats	Fjöldi þátttakenda	Fjöldi kvenna	Fjöldi karla	Fjöldi metinna eininga	Meðaltalsfjöldi eininga pr.	Meðalaldur
Verslunarfulltrúi	46	17	29	-	-	46
Almenn starfshæfni	21	12	9	-	-	35
Búfræði	9	3	6	239	26	33
Þjónustugreinar	10	8	2	575	58	37
Fisktækni	10	10	0	814	81	38
Samtals	96	50	46	1.628	-	-

Eins og sjá má í töflunni voru metnar alls 1.667 einingar í raunfærnimati á árinu 2020. Í raunfærnimati í verslunarfulltrúa og almennri starfshæfni er ekki metið á móti áföngum í formlega skólakerfinu og því fá þátttakendur engar einingar í því mati.

Nánari upplýsingar um raunfærnimat má nálgast hér:

<https://frae.is/raunfaernimat/>

SIGURÐUR ÞORSTEINN GUÐMUNDSSON

Stefnan tekin á þroskapjálfanám

Sigurður Þorsteinn Guðmundsson býr á Akranesi. Á sínum tíma fór hann í Fjölbautaskóla Vesturlands en staldraði þar stutt við og fór út á vinnumarkaðinn. Sigurður rifjar upp að á þessum tíma hafi hann ekki haft til að bera nægilegt sjálfstraust til þess að læra enda glímt við mikla lesblindu og seinna hafi hann greinst með ADHD.

Sigurður hefur ekki verið í umönnunarstörfum í félagsþjónustu en hefur aflað sér mikillar persónulegrar reynslu í umönnun tveggja barna sinna með sérþarfir.

„Ég er núna í VIRK starfsendurhæfingu og í gegnum hana fór ég vorið 2020 raunfærnimat í almennri starfshæfni. Í framhaldinu fékk ég undanþágu til þess að fara í raunfærnimat fyrir félagsliða hjá Símenntunarmiðstöð Vesturlands. Ég þurfti undanþágu til þess að fara í raunfærnimatið vegna þess að ég hafði ekki starfað sem launamaður í umönnun fatlaðra og aldraða. Hins vegar var tekið tillit til minnar þekkingar og reynslu við umönnum barna minna. Það er algjör bylting að eiga þess kost að fara í slíkt raunfærnimat og fá metna til námseininga þá þekkingu og reynslu sem maður hefur aflað sér í gegnum tíðina,“ segir Sigurður.

Í framhaldi af raunfærnimatinu á síðastliðnu ári hóf Sigurður félagsliðanám í Borgarholtsskóla í byrjun árs 2021 og hann stefnir að því að ljúka eins mörgum einingum og hann þarf til þess að komast áfram í þroskapjálfanám í Háskóla Íslands. Hann segist einnig hafa horft til

iðjupjálfanáms í Háskólanum á Akureyri en leiðin í þroskapjálfanámið sé greiðari og því sé stefnan tekin á það.



Námið í Borgarholtsskóla er blanda af fjarnámi og þremur námslotum í skólanum og segir Sigurður að í vor verði hann kominn langtíðina með þann fjölda eininga sem hann þurfi til þess að komast í þroskapjálfanámið. „Hafi ég þá ekki náð tilskildum fjölda eininga til þess að komast í þroskapjálfanámið næsta haust held ég áfram í félagsliðanáminu í Borgarholtsskóla og safna þeim einingum sem þarf til að komast í þroskapjálfanám,“ segir Sigurður Þorsteinn Guðmundsson.

VOTTAÐAR NÁMSLEIÐIR

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins gefur út námskrár sem meta má til eininga í formlega skólakerfinu en eru vottaðar af Menntamálastofnun. Námskrárnar eru bæði almenns eðlis og starfstengdar. Námskrár, sem gerðar eru í dag, byggja margar á svokallaðri hæfnigreiningu starfa eða starfaprófilum.

Vottaðar námsleiðir skiptast annars vegar í almennar námskrár og hins vegar starfstengdar námskrár. Nánari upplýsingar um vottaðar námsleiðir má finna á vef Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins www.frae.is/namskrar

Á árinu 2020 voru vottaðar námsleiðir kenndar á báðum öðrum og að stórum hluta í fjarnámi. Vottaðar námsleiðir er nám sem er kennt samkvæmt námskrám vottuðum af Menntamálastofnun og má meta til eininga í formlega skólakerfinu og þá einkum á framhaldsskólastigi.

Staður	Námsleið	Fjöldi þáttt.	Fjöldi kest.	Fjöldi nem.st.	Fjöldi kvenna	Fjöldi karla	Meðal-aldur
Akranes	Íslensk menning og samfélag	11	60	660	8	3	43
Akranes	FAB LAB smiðja	14	60	840	4	10	34
Dreifnám	Beint frá býli	19	120	2280	15	4	47
Fjarnám	Íslenskt samfélag og menning	10	159	1590	7	3	45
Fjarnám	Uppléið - hugræn atferlismeðferð	6	36	216	6	0	48
Fjarnám	Uppléið - hugræn atferlismeðferð	6	36	216	4	2	33
Fjarnám	Uppléið - hugræn atferlismeðferð	7	36	252	3	4	34
Fjarnám	Stökkpallur	16	270	4320	10	6	30
Fjarnám	Lokaverkefni í verslunarfulltrúa	8	120	960	6	4	38
Fjarnám	Lokaverkefni í verslunarfulltrúa	10	120	1200	6	4	38
Samtals		107	1.017	12.534	69	40	39

Íslensk menning og samfélag

Tveir hópar luku námi af þessari námsleið árið 2020. Annar hópurinn, sem var í staðnámi á Akranesi, lauk því í janúar, en tók hluta námsleiðarinnar í desember 2019. Hinn hópurinn var í fjarnámi haustið 2020 og voru þátttakendur af öllu Vesturlandi og einnig af Vestfjörðum. Þessi námsleið hafði ekki verið áður kennd í fjarnámi og því voru margar áskoranir fyrir bæði nemendur og kennara. Nemendur fengu m.a. að fræðast heilmikið um íslenska menningu og samfélag, íslenskt atvinnulíf, upplýsingatækni og kennslu í íslensku.

Í lok námskeiðsins var nemendum á Akranesi boðið upp á menningardagskrá. Horft var á íslenska kvikmynd og farið í vettvangsferðir í Akranesviti og skógræktina. Í ljósi aðstæðna vegna Covid var ekki unnt að fara í hefðbundna menningarferð.

Uppleið - hugræn atferlismeðferð

Þessi námsleið var kennd í þremur hópum. Fyrsti hópurinn byrjaði í staðnámi en seinni hlutinn var færður í fjarnám vegna Covid. Tveir hópar fengu alla kennslu í fjarnámi og gafst það fyrirkomulag vel. Leiðbeinandinn er sálfræðingur, búsettur í Noregi, en þátttakendur voru búsettir víða á Vesturlandi.

Stökkpallur

Námið samanstendur af bóklegum og verklegum þáttum þar sem tengsl við vinnustaði eru mikilvæg til að þjálfa verklag og styrkja tengsl námsmanna við atvinnulífið.

Nemendur vinna að persónulegri markmiðasetningu, gera færnimöppu og fjallað er um árangursrík og jákvæð samskipti og framkomu. Einnig er fjallað um vinnuumhverfi, vinnustaðamenningu, réttindi og skyldur á vinnumarkaði og vinnusiðferði.

Námskráin var kennd í samstarfi við Starfsendurhæfingu Vesturlands. Vegna Covid var stór hluti kennslunnar á Teams.

Verslunarfulltrúi - lokaverkefni

Líkt og áður hefur komið fram býður Símenntunarmiðstöðin upp á raunfærnimat í verslunarfulltrúa, en í því verkefni er metið á móti vottaðri námskrá í framhaldsfræðslukerfinu. Allir þættir námskrárinnar eru metnir nema einn sem er lokaverkefni. Til að auka þjónustuna við þátttakendur okkar í raunfærnimati í verslunarfulltrúa buðum við nemendum að gera lokaverkefni og ljúka þannig allri námskránni. Þessi þjónusta hefur mælst vel fyrir og hafa 18 manns lokið allri námskránni. Þessa námskrá má meta til allt að 29 eininga á framhaldsskólastigi.

Kennsla og stuðningur var eingöngu á Teams.

Opin smiðja – FAB LAB

Þessi námskrá var kennd í byrjun ársins en hluti námsins var kenndur í desember 2019. Námið var kennt á Suðurgötunni á Akranesi í samstarfi við Starfsendurhæfingu Vesturlands.

Unnið er að því að koma upp mun betri aðstöðu fyrir FAB LAB á Breiðinni á Akranesi.

Beint frá býli


Símenntunarmiðstöðin var í samstarfi við Markaðsstofu Vesturlands og Svæðisgarðinn Snæfellsnes um opna smiðju sem nefnist „Beint frá býli“. Námið var bæði bóklegt og verklegt. Bóklegi hlutinn var unninn í samstarfi við Matís þar sem nemendur sátu rafræna fyrirlestra og tóku próf á netinu í lok hvers námsþáttar. Verklegi þátturinn var í formi fjögurra heilsdags námskeiða. Annars vegar var námshópur í Dölunum og hins vegar á Snæfellsnesi og hafði hvor hópur sinn mentor sem skipulagði reglulega fundi þar sem ákveðnir námsþættir voru teknir fyrir og netfyrirlestrunum fylgt eftir. Þátttakendur höfðu ýmist hafið framleiðslu á eigin vöru á markað eða voru á startholunum að hefja framleiðslu.



Þátttakendur í námskeiðinu Beint frá býli.

Kennsluaðferðir

Í fullorðinsfræðslu þarf að gera ráð fyrir ólíkum þörfum námsmanna og að viðfangsefni séu við hæfi hvers og eins. Á tímum Covid reyndi sérstaklega á hæfni kennara og leiðbeinanda á námskeiðum í tæknimálum því stór hluti kennslunnar var færður á netið. Í fyrsta skipti voru heilar námsleiðir kenndar á netinu og aðallega notast við Teams. Fyrirlestrar voru teknir upp eða voru í beinni útsendingu, umræður fóru fram á rauntíma á netinu, verkefni voru unnin og þeim skilað inn á Teams eða með tölvupósti. Þessi þróun hefur þó átt sér langan aðdraganda og mun án efa skila okkur fjölbreyttari og hentugri aðferðum og lausnum í framtíðinni.



FJÖLMENNT

Símenntunarmiðstöð Vesturlands er með þjónustusamning við Fjölmennt – símenntunar- og þekkingarmiðstöð um sí- og endurmenntun fyrir fólk með fötlun, 20 ára og eldra. Í samningnum er tekið fram að Símenntunarmiðstöðin eigi að bjóða upp á fjölbreytt námstækifæri fyrir fólk með fötlun á Vesturlandi.

Mjög góð samvinna er við þá aðila sem standa að málefnum fólks með fötlun á svæðinu, sem er forsenda þess að vel takist til. Ljóst er að bæta þarf í það fjármagn sem Símenntunarmiðstöðin fær á hverju ári til að geta boðið upp á fleiri námskeið og enn metnaðarfullra námsframboð.



Covid 19 setti strik í reikninginn varðandi námskeiðahald fyrir fólk með fötlun og voru einungis 2 námskeið á árinu 2020, öll á vorönn.

Námskeið fyrir Fjölmennt	Fjöldi þáttt.	Fjöldi kvenna	Fjöldi karla	Meðalaldur
Akranes	21	11	9	36
Fellsendi	10	4	6	64

Kvikmyndasmiðja var haldin í samstarfi við Fjöliðjuna á Akranesi og Muninn kvikmyndagerð á Akranesi. Gerð var 20 mínútna stuttmynd og unnið með hugmynd sem hafði verið að þróast í marga mánuði. Í stuttmyndinni var unnið með þáttaraðirnar Næturvaktina og Ófærð sem þátttakendur höfðu mikið horft á og velt vöngum yfir persónum þeirra.

Í kvikmyndasmiðjunni var unnið áfram með hugmyndina og búin til sögulína og þátttakendur mótuðu sína persónu í söguumhverfið. Unnið var í spuna og allar hugmyndir skrifaðar niður. Síðan var unnið úr þeim hugmyndum sem pössuðu inn í verkið.

Þátttakendur settu fram hugmyndir, ákváðu í hvernig búningum persónur áttu að vera, tóku upp hljóð og mynd og völdu tónlist. Í klippivinnunni unnu þeir með senur, en Heiðar Mar, leiðbeinandi, klippti myndina.

Markmiðið með kvikmyndasmiðjunni var að þátttakendur nytu sín í sköpun, utanumhaldi við verkið og að fylgja því alla leið. Þannig væri þátttakendum ljóst að allt er hægt með góðri samvinnu og skipulagningu. Í þessu ferli jókst sjálfstraust þátttakenda og sýn þeirra á að allir geta búið til bíómynd ef réttur búnaður til staðar. Til verkefnisins var leigður „PRO“ búnaður.

Að vinna að þessu kvikmyndaverkefni til enda með búningum og góðum tækjabúnaði gaf þátttakendum mikið, enda var upplifunin sú að þeir væru að gera alvöru kvikmynd. Því tóku þátttakendur verkefninu mjög alvarlega, flæðið var gott þar sem sköpunargleðin var í fyrirrúmi og mikilvægt að ýta undir frjóa hugsun og hugmyndaauðgi. Í verkefninu var tuttugu og einn þátttakandi.

Rúsínan í pylsuendanum var síðan frumsýning stuttmyndarinnar á Írskum dögum á Akranesi í júlí og mættu um 180 manns á sýninguna í Bíóhöllinni sem vakti mikla lukku!

Nánari upplýsingar um starfsemi Fjölmenntar – símenntunar- og þekkingarmiðstöðvar er að finna á www.fjolmennt.is

SIF MATTHÍASDÓTTIR

Skemmtilegir möguleikar í nýtingu geitaafurða í Hrísakoti

Sif Matthíasdóttir og Jörundur Svavarsson hafa búið í Hrísakoti í Helgafellssveit undanfarin ellefu ár og stundað þar geita- og hrossarækt til hliðar við sín daglegu störf en Sif hefur starfað sem tannlæknir og Jörundur sem prófessor í sjávarlíffræði við Háskóla Íslands. Í Hrísakoti hafa þau byggt upp veitingaaðstöðu og vottaða kjötvinnslu sem er rekin undir nafninu Hrísafell. Á síðasta ári tók Sif þátt í verkefninu Beint frá býli á vegum Símenntunarmiðstöðvar Vesturlands, þar sem sjónum var beint að nýsköpun. Í Hrísakoti er horft til ýmissa skemmtilegra möguleika í framleiðslu geitaafurða. Það sem í boði er kemur fram á heimasíðunni www.hrisakot.is.

Sif segir að eingöngu sé unnið úr geitakjöti en frá árinu 2010 hefur verið geitarækt í Hrísakoti. Upphaflega hugmyndin var fyrst og fremst sú að viðhalda íslenska geitastofninum en síðan kom upp sú hugmynd að nýta þær afurðir sem geitin gefur og koma þeim á markað. Fiðu er safnað af geitunum og smáspunaverksmiðjan



Uppspuni í Rangárvallasýslu vinnur band úr fiðunni. Kjötið er síðan nýtt á margvíslegan hátt; kíðlingakjötið er selt sem heil eða úrbeinuð læri, sem lærisneiðar, heilir hryggir eða kótilettur. Geitakjötið er grafið eða reykt, unnið í bollur, pottrétti og kæfur. Möguleikarnir á nýtingu geitaafurðanna eru því fjölbreyttir og á þessa sérstöðu ætla Sif og Jörundur í Hrísakoti að leggja áherslu á veitingastaðnum Hrísafelli. Sif segir að kórónuveirufaraldurinn hafi í raun sett hlutina í dvala en með hækkandi sól sé þess að vænta að ferðamönnum fjölgi á nýjan leik og þá sé ætlunin að allt verði tilbúið til þess að geta tekið á móti litlum hópum. Unnt er að taka á móti fjörutíu gestum í sæti og fyrir þá verða bornar fjölbreyttar geitaafurðir – beint frá býli.

SAMSTARFSVERKEFNI – INNLEND OG ERLEND

Innlend verkefni

Vinnumálastofnun

Símenntunarmiðstöð Vesturlands hefur verið í mjög góðu samstarfi við Vinnumálastofnun á Vesturlandi undanfarin ár eða allt frá efnahagshruni. Á árinu 2020 voru haldin 15 námskeið fyrir atvinnuleitendur.



Allir sem fara á íslenskunámskeið fara fyrst í stöðumat í íslensku, sem er nauðsynlegt til þess að gera kennsluna markvissari. Auk þess þurfa allir þátttakendur á íslenskunámskeiðunum að gera ferilskrár í lok námskeiðs sem síðan eru vistaðar á vef Vinnumálastofnunar.

Í kjölfar aukins atvinnuleysis vegna Covid gerði Vinnumálastofnun þjónustusamning við símenntunarmiðstöðvarnar um náms- og starfsráðgjöf fyrir atvinnuleitendur. Markmið með samningnum er að bjóða upp á þessa þjónustu við atvinnuleitendur sem tryggðir eru innan atvinnuleysistryggingakerfisins, sbr. 12. gr. laga nr. 55/2006.

Samkvæmt samningnum á að leggja áherslu á að virkja atvinnuleitendur, sem tryggðir eru innan atvinnuleysistryggingakerfisins, einkum þá sem hafa verið án atvinnu í 6 mánuði eða lengur, með náms- og starfsráðgjafaviðtölum eða öðrum þeim vinnumarkaðsúræðum sem samningsaðilar telja þjóna réttum tilgangi.

Samningurinn var undirritaður 20. október 2020 og gildir til 30. júní 2021

Ýmsan fróðleik og tölfraði má finna á vef Vinnumálastofnunar www.vinnumalastofnun.is

Starfsendurhæfing Vesturlands

Hlutverk Starfsendurhæfingar Vesturlands er að veita fólki starfsendurhæfingu sem hefur verið utan vinnumarkaðar vegna veikinda, slysa eða annarra aðstæðna og þurft stuðning við endurkomu á vinnumarkaðinn. Fjármögnun StarfVest er eingöngu í gegnum samstarfs-samning við VIRK starfs-endurhæfingarsjóð.



Símenntunarmiðstöðin er stofnaðili að Starfsendurhæfingu Vesturlands og á fulltrúa í stjórn. Aðrir stofnaðilar eru Samtöksveitarfélag á Vesturlandi, Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Vinnumálastofnun á Vesturlandi, Verkalýðsfélag Akraness og Stéttarfélag Vesturlands.

StarfVest var formlega stofnuð 11. desember 2014. Aðsetur starfseminnar er á Suðurgötu 57 á Akranesi.

Símenntunarmiðstöðin og Starfsendurhæfingin eru í mjög góðu samstarfi. Símenntunarmiðstöðin skipuleggur námskeið fyrir skjólstæðinga Starfsendurhæfingarinnar og veitir náms- og starfsráðgjöf eftir þörfum.

Nánari upplýsingar um Starfsendurhæfingu Vesturlands má finna hér: www.starfvest.is

Námskeið fyrir skiptinema við Landbúnaðarháskóla Íslands

Sex skiptinema við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri auk eins kennara við skólann tóku námskeið í íslenskri menningu haustið 2020. Námskeiðið gaf m.a. skiptinemunum eilítla hugmynd um tungumálið, en ekki síður var það til að fræða þá um ýmislegt er lýtur að landi og þjóð, menningu og hefðum á Íslandi. Áhersla var lögð á að námskeiðið væri á léttum



Skiptinema í vettvangsferð..

nótum og hugsað sem skemmtilegt krydd í viðbót við það nám sem nemendur stunduðu í Landbúnaðarháskólanum. Námskeiðið var einu sinni í viku í átta vikur. Auk samverustunda á Hvanneyri var farið í náttúruskoðun og vettvangsheimsóknir í Borgarfirði og leitast þannig við að kynna héraðið fyrir þátttakendum.

Nemendurnir komu frá Þýskalandi, Frakklandi og Spáni.

Fjarnámskeið - fjölbreytt og fræðandi

Símenntunarmiðstöðin stóð fyrir röð fjarnámskeiða á vorönn 2020. Markmiðið með þeim var að bjóða almenningi upp á gagn og gaman í heimsfaraldrinum. Sjö námskeið voru í boði:

- Ræktaðu þínar eigin matjurtir. Leiðbeinandi: Auður I Ottesen.
- Hvað viltu - vegferð að vellíðan og velgengni. Leiðbeinandi: Aldís Arna Tryggvadóttir.
- Lifðu! Leiðbeinandi: Guðjón Svansson.
- Á eigin skinni. Leiðbeinandi: Sölvi Tryggvason.
- Hver er þinn tilgangur? Leiðbeinandi: Þorgrímur Þránínsson.
- Forræktun mat- og kryddjurta. Leiðbeinandi: Auður I Ottesen.
- Ró í ólgusjó - láttu þér líða vel. Leiðbeinandi: Aldís Arna Tryggvadóttir.

Þátttakendur á námskeiðunum voru 134 talsins. Sóknaráætlun Vesturlands, Landsmennt, SDS og Kjölur fjármögnuðu þau.

Samningur við Streituskólann


Á árinu 2020 gerði Símenntunarmiðstöðin samstarfssamning við Streituskólann um fræðslu, ráðgjöf og markþjálfun. Streituskólinn og Forvarnir veita einstaklingum og fyrirtækjum sérhæfða þjónustu. Sérfræðingar Streituskólans og Forvarna hafa menntun og reynslu á sviði markþjálfunar, heilbrigðis- og mannauðsfræða og hafa hlotið viðurkenningu Vinnueftirlits ríkisins til að starfa að sálfélagslegri vinnuvernd, greiningu og gerð sálfélagslegs áhættumats. Margs konar forvarnafræðsla er í boði til eflingar sálfélagslegrar heilsu og geðheilsueflingar. Tilgangur samningsins er að efla forvarnir, heilsulæsi og hvetja fólk til aukinnar meðvitundar um mikilvægi geðheilsu. Samningurinn gildir í eitt ár.

Samningar við starfsmenntasjóðina Sveitamennt og Ríkismennt

Símenntunarmiðstöðin er með gildandi samninga við starfsmenntasjóðina Sveitamennt og Ríkismennt. Markmiðið með samningunum er að veita aðilum sjóðanna aðgang að námskeiðum hjá Símenntunarmiðstöðinni á Vesturlandi og stuðla að auknu og markvissu samstarfi milli samningsaðila í þágu þekkingaröflunar starfsmanna sem eiga aðild að sjóðunum. Sveita- og Ríkismennt greiða fyrir þátttöku þeirra almennu starfsmanna sveitarfélaga, ríkisstofnana og sjálfseignarstofnana sem eru aðilar að sjóðunum.

Erlend verkefni

Símenntunarmiðstöðin tók þátt í tveimur erlendum verkefnum á árinu 2020. Annars vegar Erasmus+ verkefninu SINTRA, sem Símenntunarmiðstöðin leiðir, og hins vegar Nordplus verkefninu OLDER með Landbúnaðarháskóla Íslands.



SINTRA

SINTRA – Að ná fram sjálfbærni í gegnum innri nýsköpun (Achieving Sustainability through INTRAprenurship) er 24 mánaða Erasmus+ verkefni (KA2: Strategic Partnerships for adult education) sem Símenntunarmiðstöð Vesturlands leiðir. Innri nýsköpun fyrirtækis (Intrapreneurship) á sér stað þar sem hugarfar frumkvöðla í fyrirtækjum er virkjað af starfsmönnum til að ná fram nýsköpun í vörum eða þjónustu.



Samstarfsaðilarnir eru nú að leggja lokahönd á gloppugreiningu með spurningkönnunum og viðtölum þar sem greina á stöðuna varðandi sjálfbærni og frumkvöðlahugarfar. Fyrir liggur skýrsla þar sem samstarfslöndin sex, sem auk Íslands eru Portúgal, Búlgaría, Króatía, Eistland og Grikkland, hafa tekið saman stöðuna í hverju landi og fjallað um fyrirmyndaverkefni þar sem innri nýsköpun er beitt til að ná fram sjálfbærni. Íslensku sólskinssögurnar voru frá Svæðisgarðinum Snæfellsnesi, Íslandsbanka og Kópavogsbæ. Þessir aðilar hafa á einn eða annan hátt nýtt innri nýsköpun í sjálfbærni-verkefnum. Út frá niðurstöðum þessarar greiningar og reynslu og þekkingu samstarfsaðilanna verður hönnuð sérsniðin SINTRA námskrá. Einnig verður unnið kennsluefni fyrir starfsfólk og stjórnendur, sem og ráðgjöf fyrir fyrirtæki og stofnanir sem vilja þjálfa frumkvöðlahugarfar í sjálfbærni-verkefnum. Þá verður komið upp kennsluvef og appi sem nýtist í þjálfunina.

OLDER

Símenntunarmiðstöðin tók þátt í Nordplus verkefninu „Education of older adults – OLDER. Comparing Baltic and Nordic frameworks“ í samstarfi við Endurmenntun LBHÍ, ásamt fulltrúum frá Litháen, Lettlandi og Dan-

mörku, og lauk því á árinu 2020. Verkefnið fjallaði um endurmenntun eldri borgara, en almennt nær markhópur endurmenntunar í Evrópu ekki til fólks eldra en 64 ára. Markmið verkefnisins var að rannsaka og bera saman framkvæmd og fjármögnun á endurmenntun eldri borgara í þessum löndum og skila ráðgefandi niðurstöðum til viðmiðunar í stefnumótun hjá þátttökulöndunum.



Gert var ráð fyrir námsheimsóknnum milli landanna og gagnaöflun um endurmenntun eldri borgara. Öll löndin voru heimsótt að Íslandi undanskildu vegna Covid en í staðinn voru tveir dagar skipulagðir í fjarfundi. Skýrslu verkefnisins má lesa hér: <https://endurmenntun.lbhi.is/wp-content/uploads/2020/11/Nordplus-OLDER-Study-Report-NOV2020-1.pdf>

SNORRI MÁR SNORRASON

Raunfærnimat í búfræði löngu tímabært

Síðla árs 2020 fór Snorri Már Snorrason í raunfærnimat í búfræði, sem Símenntunarmiðstöð Vesturlands og Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri stóðu saman að. Snorri Már hefur lengi starfað í landbúnaði en ekki sótt sér menntun í búfræði. Þegar sá möguleiki opnaðist að fara í raunfærnimat í búfræði sá Snorri tækifæri til þess að fá metna alla þá reynslu og kunnáttu sem hann hefur aflað sér í landbúnaðarstörfum og í framhaldinu hefur hann mikinn áhuga á því að nema búfræði í fjarnámi frá Landbúnaðarháskólanum.

Snorri Már er fæddur og uppalinn á Akureyri. Ungur að árum fór hann í sveit og hefur verið þar meira og minna síðan. Hann var lengi á Hrafnagili í Eyjafjarðarsveit og vann síðar m.a. á Fremstafelli, í Fjósatungu og Lækjamóti í Kinn. Síðan fór Snorri í sjálfstæðan rekstur í afleysingaþjónustu sem síðan leiddi hann að Brún í Reykadal, þar sem Erlingur Teitsson og fjölskylda hefur verið með blandaðan búskap, fyrst og fremst mjólkurframleiðslu, til fjölda ára. Frá miðju ári 2019 hefur Snorri Már og eiginkona hans búið á Brún með tveimur dætrum þeirra og unnið á búinu. Með tíð og tíma stefna þau að því að taka við búskapnum á Brún.



„Ég fékk ábendingu um raunfærnimatið í búfræði og skráði mig í framhaldinu. Það var allt unnið í gegnum tölvu, sem var mjög þægilegt. Mér finnst mjög mikilvægt og löngu tímabært að bjóða upp á þetta fyrir fólk sem er í búskap en á í erfiðleikum með að bregða sér af bæ til lengri tíma og sækja staðnám. Hugur minn stendur til þess að nýta raunfærnimatið til þess að halda áfram og taka búfræði í fjarnámi frá Landbúnaðarháskólanum,“ segir Snorri Már Snorrason.


ÞJÓNUSTA VIÐ FJARNEMA

Fjarnemar nýta sér í auknum mæli þjónustu símenntunarmiðstöðvanna um allt land til að taka próf í heimabyggð. Sóknin í þessa þjónustu á Vesturlandi hefur aukist síðustu ár og kunna fjarnemar vel að meta hana.

Flestir þeir nemendur sem nýta sér þjónustuna eru í námi við háskólana á Íslandi en einnig í Keili, Endurmenntun HÍ, Opna háskólanum o.fl.

Nemendurnir taka próf í húsnæði Símenntunar á Akranesi, í Borgarnesi, Átthagastofu Snæfellsbæjar, Fjölbrautaskóla Snæfellinga í Grundarfirði, Grunnskólanum í Stykkishólmi og Ráðhúsi Dalabyggðar.

Covid setti strik í reikninginn og því voru örfá próf tekin hjá Símenntunarmiðstöðinni á árinu 2020. Háskólarnir breyttu annað hvort áherslu í námskeiðunum og juku verkefnavinnu og/eða höfðu heimapróf.



SAMTÖK Í FULLORÐINSFRÆÐSLU

Kvasir, samtök fræðslu- og símenntunarmiðstöðva

Kvasir er sameiginlegur vettvangur og hagsmunasamtök ellefu símenntunarmiðstöðva á landinu sem skiptast á að eiga fulltrúa í stjórn til tveggja ára í senn. Á vegum samtakanna eru haldnir tveir fundir á ári, á haustin og vorin, auk félagsfunda eftir þörfum.



Stjórn Kvasis skipa eftirfarandi 2019-2020:

Eyjólfur Sturlaugsson formaður, Fræðslunet Suðurlands
Sólveig Hildur Björnsdóttir, Mímir
Vigdís Ásmundsdóttir, Framvegis

Starfsfólk símenntunarmiðstöðvanna hittist á sameiginlegum vinnufundum á hverju ári en vegna Covid varð ekkert af því árið 2020 og þeir fundir sem voru haldnir fóru fram í Teams.

Nánari upplýsingar um Kvasi er að finna á www.fraedslumidstodvar.is

Leikn

Leikn eru regnhlífarsamtök fullorðinsfræðsluaðila á Íslandi með 19 aðildarfélög. Leikn er upplýsinga- og samstarfsvettvangur fullorðinsfræðslu og er tilgangur samtakanna að gæta breiðra hagsmuna fullorðinsfræðsluaðila. Starfsemi og virkni samtakanna er í sjálfböðavinnu stjórnarfólks sem starfar innan fullorðinsfræðslunnar.



Fullorðinsfræðsla er í almannabágu og getur breytt lífi fólks og samfélögum til hins betra. Símenntun stuðlar að almannaeill, rétti fólks til aukinna lífsgæða og þroska. Markmið Leiknar er að halda áfram að vinna að uppbyggingu framsækinnar fullorðinsfræðslu á Íslandi.

Stjórn Leiknar skipa eftirfarandi 2019-2020:

Guðrún Vala Elisdóttir formaður, Símenntunarmiðstöð Vesturlands
Helgi Þorbjörn Svavarsson, SÍMEY
Guðfinna Harðardóttir, Starfsmennt
Eyjólfur Sturlaugsson, Fræðslunet Suðurlands
Ingibjörg Kristinsdóttir, Framvegis

Leikn heldur aðalfund, stjórnar- og félagsfundi samkvæmt samþykktum samtakanna.

Nánari upplýsingar um Leikn er að finna á www.leikn.is

ÚR ÝMSUM ÁTTUM

Gæðavottun

Fræðsluaðilar, fyrirtæki og starfsgreinafélög sem bjóða upp á símenntun og fullorðinsfræðslu geta sótt um gæðavottun EQM vegna fræðslu. Auk þess er boðið upp á gæðavottun sem nefnist EQM+, til að uppfylla þarfir fræðsluaðila sem hafa fjölbreytta fræðslustarfsemi, þar sem sett eru viðmið fyrir fræðslu, raunfærnimat og náms- og starfsráðgjöf. Alls eru 18 fræðsluaðilar með EQM og eða EQM+ vottun.



Símenntunarmiðstöð Vesturlands starfar eftir gæðaviðmiðum EQM+ og fór í gæðaúttekt í lok nóvember 2020. Hún gekk mjög vel og fékk Símenntunarmiðstöðin endurnýjun á gæðavottun sem gildir til byrjun árs 2024.

Viðurkenning fræðsluaðila

Samkvæmt lögum um framhaldsfræðslu nr. 27/2010 skal mennta- og menningarmálaráðherra, eða aðili sem hann felur það verkefni, veita fræðsluaðilum viðurkenningu til þess að annast framhaldsfræðslu. Í slíkri viðurkenningu felst staðfesting á því að starfsemi fræðsluaðila uppfylli almenn skilyrði laganna og reglna sem settar eru með stoð í þeim.

Símenntunarmiðstöðin er með viðurkenningu fræðsluaðila, en hún er endurnýjuð á þriggja ára fresti. Árið 2021 sækir Símenntunarmiðstöðin um endurnýjun viðurkenningar fræðsluaðila.

Alls hafa 27 fræðsluaðilar í gildi viðurkenningu fræðsluaðila.

Markaðsstefnumótun

Stjórn Símenntunarmiðstöðvar Vesturlands samþykkti á haustdögum 2020 að fara í markaðsstefnumótun og fela fyrirtækinu Manhattan Marketing að vinna það verkefni.

Markmiðið með þessari vinnu er að búa til markaðsstefnu fyrir Símenntunarmiðstöðina, sem felst m.a. í að gera markaðsgreiningu og stefnumörkun í markaðsmálum út frá niðurstöðum í eigindlegri og megindlegri rannsókn á meðal þjónustuþega Símenntunarmiðstöðvarinnar.

Stefnt er að því að vinna Manhattan Marketing ljúki í mars 2021.



Starfsfólk SMV og Símei.



Þátttakendur í verkefninu OLDER.

Systurstofnanir heimsóttar

Starfsfólk Símenntunarmiðstöðvarinnar fór í fræðsluferð norður í land um miðjan september 2020 og heimsótti starfsfólk SÍMEY og Þekkingarnets Þingeyinga. Þessi ferð var mjög gagnleg enda er nauðsynlegt að hitta kollegana, bera saman bækur og byggja upp samstarf. Framkvæmdastjóri Símenntunarmiðstöðvarinnar undirbjó samstarfsfólkið fyrir norðurferðina og voru nokkur orð æfð sérstaklega á norðlenska vísu, s.s. orðin mjólk, bolti, úlpa og gult.

Stefnt er að því heimsækja fleiri símenntunarmiðstöðvar á nýju ári og verða fleiri „mállýskur“ æfðar - allt eftir því hvert ferðinni verður heitið.



GUÐRÚN BJÖRG BRAGADÓTTIR

Lykilatriðið er að ræða hlutina og **stilla saman strengi**

„Það sem skiptir máli í þessu er að við stillum saman strengi og hjálpum hvert öðru. Það má segja að við höfum lokið fyrsta fasa verkefnisins á síðasta ári, eins og lagt var upp með, þó svo að Covid 19 hafi lítilega sett strik í reikninginn. Við bindum vonir við að út úr þessu komi eitthvað nýtt fyrir samfélagið sem verði okkur öllum til hagsbóta. Það sem við höfum haft að leiðarljósi er að leggja höfuðið í bleyti og styðja hvert annað í því að koma góðum hugmyndum í framkvæmd. Lykilatriðið er að hjálpast að en ekki vinna hvert gegn öðru,“ segir Guðrún Björg Bragadóttir, sem tók á árinu 2020 þátt í verkefninu Beint frá býli, en þátttakendur komu úr Dölunum og af Snæfellsnesi.

Auk þess að taka þátt í verkefninu var Guðrún Björg mentor þess í Dölunum, sem þýðir að hún kallaði fólk saman til fundar og

hélt utan um verkefnið þar, í samstarfi við Símenntunarmiðstöð Vesturlands. „Tilviljun ein réð því að það voru átta konur sem tóku þátt í verkefninu hér í Dölunum og hugmyndir okkar um nýsköpun er af ýmsum toga – t.d. ræktun grænmetis, nýsköpun í úrvinnslu kjötvara og margt fleira. Verkefnið hefur nú þegar gefið okkur alveg ótrúlega mikið en því er hvergi nærri lokið, við höfum þegar hist núna á árinu 2021 og munum gera það áfram. Jafnframt viljum við virkja fleiri hér á svæðinu til þátttöku í verkefninu með það að markmiði að ná fram einhverju nýju fyrir svæðið og um leið að styrkja búsetu og skapa ný störf. Það er svo mikilvægt að hugmyndir sem verða til yfir kaffibolla við eldhúsborðið heima nái eyrum fleiri. Örlög margra góðra hugmynda eru oft þau að lenda í óþarfa bremsu vegna þess að þær eru ekki



bornar undir og þróaðar í samstarfi við aðra. Þess vegna er svona samstarfsvettvangur svo mikilvægur,” segir Guðrún Björg.

Guðrún Björg og eiginmaður hennar, Guðlaugur Sigurgeirsson, eru dæmi um fólk sem fær stórar hugmyndir og framkvæmir þær. Þau bjuggu á höfuðborgarsvæðinu en tóku árið 2016 ákvörðun um að selja eignir sínar þar og flytja í Hlíð í Hörðudal. Eina tengingin sem þau áttu við Dalina var sumarhús sem þau höfðu komið sér upp í Laugardal. Frá 2016 hafa þau byggt upp ferðapjónustu í Hlíð – breyttu gömlum og haugryðguðum bragga í fyrirtaks móttöku- og veitingastofu og hafa síðan byggt smáhýsi fyrir gistingu og borað eftir heitu vatni. Þessi litla og að margra mati léttlikkaða hugmynd Guðrúnar og Guðlaugs er nú orðin að ferðapjónustufyrirtækinu Dalahyttur, sem



hefur fengið góðar viðtökur og segist Guðrún sjá gríðarlega möguleika til vaxtar á komandi árum.

VILTU FRÆÐAST MEIRA UM FRAMHALDSFRÆÐSLUNA?

Gáttin

Gátt er ársrit um fræðslumál fullorðinna þar sem lögð er m.a. áhersla á menntun á vinnumarkaði. Í ritinu eru fræðilegar greinar, kynning á rannsóknum og lausnum í fullorðinsfræðslu og símenntun og viðtöl og frásagnir um það sem er efst á baugi hverju sinni.

Gáttin hefur verið gefin út síðan 2004 og má nálgast rafrænar útgáfur hér: <http://frae.is/utgafa/gatt-arsrit/>

Næsta skref

Á þessum upplýsingavef er hægt að nálgast upplýsingar um nám, störf, raunfærnimat og ráðgjöf.

Sjá vef: <https://naestaskref.is/>

Menntamálastofnun

Á vef Menntamálastofnunar má finna ýmsar upplýsingar um framhaldsfræðslu.

Sjá vef: <https://mms.is/framhaldsfraedsla>

Stefnuyfirlýsing um nám fullorðinna á 21. öldinni

Leikn hefur látið þýða stefnuyfirlýsingu Evrópusamtaka um fullorðinsfræðslu, EAEA, yfir á íslensku. Í henni er m.a. lagt til að farið verði í aðgerðir til að þróa evrópskt þekkingarsamfélag og efla fullorðinsfræðslu og símenntun til að Evrópa geti tekist á við áskoranir nútímans, m.a. um samkeppnishæfi, velferð, jafnrétti og sjálfbærni.

Íslensku þýðinguna má finna hér: http://leikn.is/wp-content/uploads/2020/06/Manifesto-Islenska.vef_.pdf

Upprunalegu útgáfuna má finna hér: <https://eaea.org/our-work/influencing-policy/manifesto-for-adult-learning-in-the-21st-century/>

Norrænt tengslanet um nám fullorðinna (Nordic Netværk for Voksnes Læring)

NVL er tengslanet um nám fullorðinna (www.nvl.org) og er norrænn vettvangur fullorðinsfræðslu þar sem athygli er beint að nýsköpun, miðlun og árangri. NVL hvetur til samræðu á milli aðstandenda ólíkra tengslaneta, kemur



**Nordisk Netværk for
Voksnes Læring**

á nýjum netum og eflir framlag þeirra til norræns samstarfs. Antra Carlsen er framkvæmdastjóri NVL og höfuðstöðvar eru hjá VIA University College, sem er staðsettur í Århus í Danmörku. Fulltrúi Íslands er Hildur Hrönn Oddsdóttir, sérfræðingur hjá FA. Íslendingar taka þátt í fjölmörgum undirnetum NVL þar á meðal starfmenn Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, tveir sem sitja í raunfærnimatsneti, einn í sérfræðingahópi um náms- og starfsráðgjöf, einn í samstarfsneti um grunnleikni og jafnramt sitja framkvæmdastjóri og stjórnarmaður Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins í samstarfsneti um hæfni fyrir atvinnulífið.

AÐ LOKUM

Á fyrstu vikum ársins 2020 gekk lífið sinn vanagang á Íslandi. Fólk gekk til vinnu og skólarnir og fræðsluaðilar út um allt land, þar með talin við hjá Símenntunarmiðstöð Vesturlands, sinntu skyldum okkar. Þjóðlífið tifaði áfram í réttum takti frá degi til dags.

Á þessum tíma bárust fréttir frá Wuhan-héraði í Kína um að þar hefði fólk veikt af völdum veiru. Vesturlandabúar létu sér fátt um finnast í fyrstu en þegar þessi sama veira tók að stinga sér niður í Evrópu og Norður-Ameríku varð fljótlega ljóst að við blasti nýr raunveruleiki með tilheyrandi óvissu á öllum sviðum.

Upp úr miðjum mars var íslensku samfélagi að töluverðu leyti skellt í lás. Veiruógnin var staðreynd. Á einni nóttu gjörbreyttist daglegt líf okkar allra. Við þurftum skyndilega að til-einka okkur í ríkum mæli persónulegar sóttvarnir, fjarlægðarmörk, fjölda-takmarkanir og síðar notkun gríma.

Eins og margir aðrir þurftum við að endur-hugsa hlutina og bregðast hratt og örugg-lega við með lausnamiðuðum aðgerðum. Allir gerðu sitt besta í nýjum og breyttum aðstæðum og við tileinkuðum okkur hratt að nota Microsoft Teams og Zoom í kennslu og í ráðgjöf. Eins og svo oft áður þegar að okkur Íslendingum þrengir gerum við það sem gera þarf. Aðlögunarhæfni okkar er býsna mikil. Við tókumst á við breyttar aðstæður vegna Covid og gerðum það sem þurfti.

Á knattspyrnuvellingum þurfa stundum lið sem eru undir mikilli pressu að pakka í vörn,

eins og það er kallað. Það getur hins vegar boðið hættunni heim. Það má kannski orða það svo að á árinu höfum við hjá Símenntun neyðst til að pakka í vörn um tíma, vegna þess hversu óvægin Covid-veiran var og er. En eins og þessi ársskýrsla ber með sér var starfsemi okkar engu að síður fjölbreytt á árinu. Við leituðumst við að halda sjó en jafnframt að sækja fram.

Því það er nú einu sinni svo að í öllum þrengingum felast ómæld tækifæri, það þarf bara að koma auga á þau og nýta sér þau.

Ég dreg ekki dul á að Covid kom illa við okkur eins og alla aðra í samfélaginu. En það er jafnframt augljóst að veirufaraldurinn knúði okkur öll til þess að hugsa hlutina að mörgu leyti upp á nýtt. Við tileinkuðum okkur til dæmis tækni í fjarfundum og fjarkennslu sem munu á nokkurs vafa nýtast okkur vel í framtíðinni. Í mínum huga er ekki vafi að við munum á

næstu misserum færa okkur framar á völinn og nýta öll okkar tækifæri til sóknar. Það er gömul saga og ný að sókn er besta vörnin.

Eftir hið krefjandi Covid-ár 2020 er mér efst í huga þakklæti til starfsfólks og stjórnar Símenntunarmiðstöðvar Vesturlands og allra þeirra fjölmörgu verktaka, nemenda og ráð-þega sem við höfum átt samstarf við á árinu fyrir ómælda djörfung og seiglu.

Inga Dóra Halldórsdóttir
framkvæmdastjóri







SÍMENNTUNARMIÐSTÖÐIN Á VESTURLANDI

ÁRSSKÝRSLA SÍMENNTUNARMIÐSTÖÐVARINNAR Á VESTURLANDI 2020

Uppsetning ársskýrslu: Óli Arnar
mars 2021

www.simenntun.is